

Skólaráðsfundur 08.03.2021

Mætt: Hanna Dóra, Lára Gunndís,
fulltrúar kennara Trostan, Þyrey (í fjarfundi),
fulltrúi starfsfólks, Sif
fulltrúar nemenda, Lydía og Kristinn Örn
fulltrúar foreldra, Laufey og Gunnhildur mættu rafrænt.
fulltrúi grenndarsamfélags, Ragnhildur

1. Drög skóladagatala 2021-2022

Hanna Dóra lagði fram drög að skóladagatali og fór yfir helstu dagsetningar.

Í þessum drögum er vetrarfrí í febrúar á óhefðbundum stað ekki í tengslum við Öskudag. Þessi tillaga er sameiginleg fyrir alla skólanna í Skagafirði. Fríið í október er haft lengra en venjulega þannig að fólk geti átt lengri frí til ferðalaga svo ekki þurfi að taka sérstakt orlof nemenda til slíkra ferða. Fulltrúi nemenda spurði um sveitadaga sem ekki eru settir inn á dagatalið. Hanna Dóra svaraði því að vonandi væri hægt að halda áfram með þá.

Athugasemd kom frá fulltrúa foreldra um það hvort hægt væri að lengja fríið í febrúar með því að hafa samráðsdag og starfsdag í samhengi við vetrarfríið.

Skóladagatal verður lagt fyrir skólaráð til samþykktar síðar.

2. Heimasíða skólans

Höfum verið að uppfæra ýmislegt á heimasíðunni síðustu mánuði.

Viðburðadagatal er á forsíðu heimasíðunnar, reynt er að hafa það sem réttast á heimasíðunni þannig að upplýsingar um sérstaka daga séu öllum ljósar.

Á síðunni sem nú geymir námsáætlanir er verið að vinna í að bæta inn skjölum sem innihalda námsmarkmið hverrar námsgreinar.

Erum að bæta fréttaflutning af starfinu og myndir á heimasíðunni.

Fulltrúar nemenda voru hvattir til að benda okkur á fréttafni úr skólastarfinu sem hægt er að setja á heimasíðuna.

3. Samstarf heimila og skóla

Hvernig er samstarfi háttað og hvernig áherslur viljum við hafa í samstarfi heimila og skóla?

Rætt var um að samfélagið geri ráð fyrir að sveitadagar verði áfram á skóladagatalinu. Söknunur var að því að þeir féllu niður í fyrra.

Á samráðsdögum ætti e.t.v. að skoða að hafa val foreldra hvort þeir mæta í skólann eða tala við kennara í fjarfundi. Fram kom á fundinum að betri nýting sé á tíma allra með því að bjóða upp á fjarfundi.

4. Önnur mál

Fundur með arkitektastofunni. Fulltrúa foreldra sem sótti annan fundinn þótti nálgunin áhugaverð.

Spurt var hvort út úr þessari vinnu kæmi skýrsla? Hanna Dóra svaraði því til að þessi vinna á fundunum ætti að vera grunnur að næstu skrefum. Fulltrúi foreldra talaði um upplýsingagjöf til samfélagsins sé lítið. Að sumir íbúar á svæðinu séu ekki upplýstir um framvindu mála. Góð ábending sem vert er að taka með í næstu skref.

Hanna Dóra sagði að mikilvægt að nemendur komi að sínum hugmyndum í hönnunurvinnunni. Einnig sé þess vænst að fleiri hópar eins og starfsmenn, foreldrar og aðrir fái vettvang til að koma sínum skoðunum á framfæri.

Næsti fundur 12. apríl á sama tíma.

Fundarritari Lára Gunndís